

Vöktun bjargfuglastofna á Íslandi 2009 – 2022


Yann Kolbeinsson¹, Snæþór Aðalsteinsson¹, Þorkell L. Þórarinnsson¹, Brynjúlfur Brynjólfsson², Cristian Gallo³, Hálf dán H. Helgason⁴, Jón E. Jónsson⁵, Rodrigo A. Martínez Catalán⁶, Róbert A. Stefánsson⁷ og Sindri Gíslason⁸

INNGANGUR

Sjófuglar í íslenskum fuglabjörgum, kallaðir bjargfuglar, geta með fremur einföldum hætti nýst sem hentugar vísitæðir á vissa umhverfisþætti í Norður-Atlantshafi og eru jafnframt mikilvægur hluti af líffræðilegri fjölbreytni. Fimm tegundir bjargfugla hafa verið vaktaðar á varptíma í íslenskum fuglabjörgum með reglubundnum hætti frá árinu 2009. Um er að ræða fýl *Fulmarus glacialis*, ritu *Rissa tridactyla*, langvíu *Uria aalge*, stuttnefju *Uria lomvia* og álku *Alca torda*.

AÐFERÐIR

Fuglabjörgin voru heimsótt fyrri hluta sumars og ljósmyndir teknar af föstum sniðum í björgunum. Fjöldi svartfugla var talinn af myndunum, sem og fjöldi rituhreiðra og fýlssetra. Fyrir allar tegundir var árleg vísitala reiknuð út frá meðalfjölda á sniði í bjargi, með upphafsárið 2009 (=1). Notast var við línulega aðhvarfsgreiningu til að meta leitni langtímabreytinga (2009 - 2022). Aðhvarfsgreiningin var gerð með $\log_e(y + 0,01)$ umbreyttum meðalfjölda á sniði.



NIÐURSTÖÐUR



Fýl fækkaði víða talsvert á tímabilinu, þó mest á norðanverðu landinu og í Látrabjargi. Breytingar hjá ritu voru sveiflukenndari en þeim fjölgaði umtalsvert á Suðausturlandi og fækkaði á sama tíma í Skoruvíkurbjargi. Langvíu stóð í stað eða fjölgaði, nema í Skoruvíkurbjargi þar sem henni fækkaði. Stuttnefja er við það að hverfa úr smærri byggðum en þróunin var stöðugri í stóru byggðunum og á uppleið í Drangey. Álku fjölgaði um land allt.

UMRÆÐA



Langtímavöktun sem þessi veitir mikilvæga innsýn í þróun þessara bjargfuglastofna hér við land. Allsherjar fækkun bjargfugla í Skoruvíkurbjargi, að álku undanskilinni, er mikið áhyggjuefni sem og mikil fækkun stuttnefju í jaðarbyggðum. Athyglisvert er að þeim tegundum sem dvelja að mestu á íslensku hafsvæði utan varps, langvíu og álku, vegnar mun betur en þeim tveimur sem sækja meira á norðvestanvert Norður-Atlantshaf á veturna (rita og stuttnefja). Stöðug fækkun fýls gæti endurspeglad minna brottkast í fiskveiðum.

Markmið vöktunarinnar eru að;

- Fylgjast með ástandi fimm bjargfuglastofna á varptíma
- Tryggja sjálfbæra nýtingu bjargfuglastofna
- Meta ástand vistkerfis sjávar við Ísland



1.-5. mynd. Breytingar á stofnvísitölu fimm bjargfuglategunda í íslenskum fuglabjörgum frá 2009 til 2022; 1) fýll, 2) rita, 3) langvíu, 4) stuttnefja, og 5) álka. – **Figure 1-5.** Changes in population indices of five seabird species in Icelandic breeding colonies from 2009 to 2022; 1) Northern Fulmar *Fulmarus glacialis*, 2) Black-legged Kittiwake *Rissa tridactyla*, 3) Common Guillemot *Uria aalge*, 4) Brünnich's Guillemot *Uria lomvia*, and 5) Razorbill *Alca torda*.



1. tafla. Breytingar á fjölda bjargfugla í íslenskum fuglabjörgum frá 2009 til 2022, reiknaðar út frá aðhvarfsgreiningu. Marktæk leitni er lituð með rauðu (fækkun) eða grænu (fjölgun); * ($P < 0,05$), ** ($P < 0,01$) eða *** ($P < 0,001$). – **Table 1.** Changes in seabird numbers in Icelandic breeding colonies from 2009 to 2022, calculated using linear regression. Significant trends are shown in red (decrease) or green (increase); * ($P < 0,05$), ** ($P < 0,01$) and *** ($P < 0,001$). Fýll = Northern Fulmar, Rita = Black-legged Kittiwake, Langvíu = Common Guillemot, Stuttnefja = Brünnich's Guillemot, Álka = Razorbill.

Staður	Breyting 2009 - 2022				
	Fýll	Rita	Langvíu	Stuttnefja	Álka
Skoruvíkurbjarg	-42% **	-44% **	-21% *	-46% ***	166% **
Ásbyrgi	-82% ***				
Grimsey	-30% **	9%	64% ***	9%	174% **
Drangey [†]	-42% *	19%	-14%	38% *	+
Hælavíkurbjarg	-6%	-11%	10%	1%	+ **
Látrabjarg	-47% *	-19%	8%	19%	218% *
Snæfellsnes	-44%	-30%	71% *	-72% **	328% **
Krýsuvíkurbjarg	2%	-3%	20%	-85% *	158%
Ingólfshöfði	-5%	147% **	49%	-90% *	13%
Papey	7%	111% **	21% *	?	+ **

[†]: 2010-2022

Í hnotskurn;

- Bjargfuglar í vanda í Skoruvíkurbjargi
- Fýll og stuttnefja eiga undir högg að sækja en langvíu og álka standa betur að vígi
- Samstarf margra stofnana í umfangsmiklum vöktunarverkefnum er ómetanlegt